

Þjónustuvefur

Notendasamningur

Samskip hf. og _____ kt. _____

hafa gert með sér svohljóðandi samning um aðgangnotandans að þjónustuvef Samskipa á heimasíðu félagsins og þeim upplýsingum sem þar eru birtar og nánar er lýst í samningi þessum.

1. Þjónustuvefur Samskipa sem notandi hefur aðgang að samanstendur af upplýsingum um fjárhagsfærslur og flutninga vegna einstakra farmsendinga notanda, til dæmis:

- i) komutilkynningar
- ii) reikningsyfirlit
- iii) upplýsingar um einstakar farmsendingar
- iv) staðsetning gáma, o.fl.

2. Samskip eiga höfundarrétt og önnur réttindi á sviði hugverka- og auðkennaréttar að þjónustuvefnum, nafni hans og hugverkum, er vistuð eru í grunninum. Viðskiptamanni er aðeins heimil nýting þessara réttinda samkvæmt þeim ákvæðum er koma fram í samningi þessum.

3. Notanda er heimill aðgangur að upplýsingum úr þjónustuvefnum í þágu hans sjálfs og er honum óheimilt að veita öðrum aðgang að honum. Viðskiptamanni er óheimilt að nýta upplýsingarnar sjálfstætt í fjárhagslegu augnamiði. Afritun þjónustuvefsins í heild er ætíð óheimil.

4. Notandinn fær lykilorð til aðgangs að þjónustuvefnum hjá Samskipum og skuldbindur hann sig til að veita ekki öðrum upplýsingar um lykilorð en þeim starfsmönnum sem aðgang eiga að hafa að honum. Jafnframt skuldbindur notandinn sig til að reyna ekki á nokkurn hátt að komast yfir eða hagnýta sér aðrar upplýsingar sem geymdar eru á þjónustuvefnum en þær sem honum eru aðgengilegar undir lykilorði hans. Öll notkun lykilorðsins er á ábyrgð notandans.

5. Öll skráning upplýsinga á þjónustuvefnum fer fram með einhliða ákvörðun Samskipa á hverjum tíma. Samskip áskilja sér allan rétt til að leiðrétta misræmi eða villur milli upplýsinga á þjónustuvef og skriflegum flutningsskjölum, reikningum eða öðrum skjölum vegna einstakra farmsendinga.

6. Samskip ábyrgjast ekki áreiðanleika/nákvæmni upplýsinga á þjónustuvefnum. Samskip bera í engu tilfalli ábyrgð á óbeinu tjóni er viðskiptamaður kann að verða fyrir við að upplýsingar á vefnum reynast rangar, ónákvæmar eða ófullnægjandi, svo sem, en ekki takmarkað við, rekstartjón, afnotamissi og útlagðan kostnað. Sama gildir um vöntun upplýsinga.

7. Notkun notanda á þjónustuvef Samskipa eins og hann er skilgreindur í samningi þessum er án endurgjalds, nema annað sé tekið fram í hvert einstakt skipti. Samskip áskilja sér allan rétt til, án fyrirvara, að takmarka rétt notanda að einstökum upplýsingum á þjónustuvefnum eða rjúfa alfarið aðgang notanda að honum tímabundið eða varanlega.

8. Að öðru leyti en að ofan greinir gilda almennir skilmálar og fyrirvarar sem fram koma á farmbréfum Samskipa vegna hversrar einstakrar vörusendingar svo og aðrir almennir skilmálar félagsins sem varða aðra þjónustu sem Samskip kunna að láta notanda í té hverju sinni.

Staður

Dags.

Netfang

Fyrir hönd notanda

Fyrir hönd Samskipa hf.

Fjármálastjóri/framkvæmdastjóri